

Þessar öryggisleiðbeiningar eru í samræmi við ES-tilskipun 1907/2006 Viðb. II (SDS-01-CEPE) og reglur Vinnuæftirlits ríkisins nr. 602/1999 m.s. br. (REACH).

Vosschemie

Vöruheiti: CARSYSTEM KS-550 UNDIRVAGNSVÖRN

ÚÐABRÚSI

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

1. Söluheiti efnis. Nafn, heimilisfang og sími framleiðanda og seljanda.

Söluheiti efnis: **CARSYSTEM KS-550**
Vörukóði framl: **KS-550**
Notkun efnis: **Undirvagnsvörn, svört**
Framleiðandi: Vosschemie GmbH, Esinger Steinweg 50,
D-25436 Utersen, Germany



Seljandi/dreifing:

Málningarvörur ehf. Sími 587-6644. Vefsíða: <http://www.malningarvorur.is>

Netfang starfsmanns framl. sem hefur með gerð öryggisleiðbeininga að gera:

Neyðarsímar: Framleiðandi: 00 04122/717-0. Landspítali Eiturefnaðstöð 543 2222. Lögregla/sjúkrafl. Sími 112.

2. Varúðarupplýsingar.

Afar eldfimt (Fx), Ertandi (Xi) og Hættulegt umhverfinu (N)

Varnaðarmerki á umbúðum:

Sjá kafla 15.

Viðvörðun á umbúðum:

- Afar eldfimt
- Getur við notkun myndað sprengifimt gas með lofti.
- Hitni umbúðin getur hún sprungið.
- Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.
- Ertir húð
- Gufa af efninu getur valdið syfju og svima.

Úðabrúsi: Þrýstihylki: Hlífið gegn sólarljósi og hita umfram 50 °C.

Hvorki má gata né brenna úðabrúsa - jafnvel þótt teljist tæmdur.

- Geymið þar sem börn ná ekki til.
- Úðið ekki á eld eða glóandi hluti
- Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar

3. Samsetning efnis - upplýsingar um hættulegt innihald.

Efni sem teljast hættuleg heilsu eða umhverfi samkvæmt skilgreiningu tilskipunar 67/548/EEC:

ES-nr.	CAS-nr.	Heiti efnis.	Styrkur % (af þyngd)	Hættufl.	Hættusetningar* **
265-151-9	64742-49-0	hrábensin (úr jarðolíu), vetnismeðhöndlað, létt	25,0-50,0	F, Xn, N	11-38-51/53-65-67
200-827-9	74-98-6	própan	12,5-20,0	F+	11-38-51/53-65-67
201-159-0	78-93-3	etýlmetýlketón (bútanón)	10,0-12,5	F, Xi	11-36-66-67
106-97-8	203-448-7	Própan/bútan drifgas	5,0-10,0	Fx	12
200-857-2	75-28-5	Ísóbútan (2-metýlprópan)	5,0-10,0	Fx, T	45-46-12
64742-95-6	265-199-0	hrábensínlausn (jarðolíu), létt arómatísk	1,0-2,5	Xi, N, Xn	10-37-51/53-65-66-67
67-56-1	200-659-6	metanól	0,1-1,0	F, T,	11-23/24/25-29/23/24/25

* Mengunarmörk (OEL), sé þeim til að dreifa, eru listuð í kafla 8

** Texti allra hættusetninga er sýndur í kafla 16.

4. Skyndihjálp

Almennt:	Í öllum tilvikum, hvort sem um grun eða einkenni er að ræða, skal leita læknis. Sé viðkomandi meðvitunarlaus skal hvorki gefa honum vott né þurrt. Sé viðkomandi meðvitunarlaus skal leggja hann í hvíldarstöðu og leita læknisaðstoðar.
Innöndun:	Flytjið viðkomandi út undir bert loft. Leitið læknisaðstoðar. Haldið hita á viðkomandi í hvíldarstöðu. Sé öndun óregluleg eða hefur stöðvast skal beita öndunaraðstoð (munn við munn eða súrefnisgjöf).
Snerting við húð	Fjarlægið mengaðan fatnað og skó. Þvoið svæði vel með sápuvatni eða notið viðurkennt húðhreinsiefni. Notið EKKI leysiefni eða þynni.
Snerting við augu	Fjarlægið snertilinsur. Skolið augu strax rækilega með hreinu vatni í minnst 15 mín.og haldið augnlokum uppi við skolun. Leitið læknis tafarlaust.
Inntaka:	Hafi efnið verið gleypt skal leita læknisaðstoðar tafarlaust. Haldið viðkomandi í hvíldarstöðu. Framkallið ekki uppsölur.

5. Eldsvoði - slökkviefni.

Slökkviefni:	Mælt er með notkun froðu sem þolir alkahól, kolsýru, dufti eða vatnsúða. Beitið ekki vatnsbunu á eld.
Leiðbeiningar:	Við bruna myndast þykkur svartur reykur, koloxíð og eittraðar gufur, sem geta valdið heilsuskaða. Viðeigandi öndunarbúnað gæti þurft. Kælið nærliggjandi ílát með vatni. Hleypið ekki afrennsli frá slökkvistarfi í niðurföll.
Hlífðarbúnaður:	Til að forðast innöndun reyks af brennandi efninu þarf öndunarbúnað með tilfærðu lofti við slökkvistarf.
Annað:	Kælið nálæg ílát með vatnsúða. Varnið því að slökkvívöki nái að renna í niðurföll. Þurkkið upp með uppsuguefni og setjið í örugg ílát til förgunar í samræmi við reglur um meðhöndlun spilliefna.

6. Efnaleki.

Persónuvarnir:	Útilokið neistagjafa og loftræstið svæðið. Forðist innöndun gufu eða úða. Lesið leiðbeiningar í kafla 7 og 8. Teppið og/eða girðið af efnaleka með óeldfimu efni svo sem sandi, mold eða uppsuguefni, setjið í örugg ílát og fargið í samræmi við reglur sveitarfélags og í samráði við starfsmenn viðkomandi spilliefnamóttöku (sjá kafla 13). Haldið óviðkomandi frá spillisvæði.
Umhverfisvernd:	Varnið því að efnið nái að renna í niðurföll eða í vatn. Nái efnið að renna í vatn, læk eða skulp skal tilkynna það heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Þrif -hreinsun:	Bindið efnið með óeldfimu efni svo sem sandi eða mold. Notið EKKI vatn eða vatnsgrunduð hreinsiefni við þrif.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Meðhöndlun:	Forðist snertingu við augu, húð og fatnað. Forðist innöndun gufu af efninu. Tryggið virka loftræstingu þar sem efnið er meðhöndlað, geymt og notað. Mælt er með útsogskerfi. Gera skal ráð fyrir að sprengifimt og mjög eldfimt gas geti myndast þar sem gufa af efninu blandast lofti. Haldið fjarri hita- og neistagjöfum. Bannið reykingar á vinnusvæði.
Geymsla:	Efnið skal geyma í samræmi við lög og reglugerðir um meðferð og geymslu eldfimra efna.

Geymið í upprunalegum umbúðum á vel loftræstum stað og skýlið gegn sólargeislun og öðrum hitagjöfum. Úðabrusa skal ekki geyma þar sem hætta er á að þeir geti hitnað umfram 50°C. Bannið reykingar á notkunar- og geymslusvæði. Neytið hvorki matar né drykkjar á þeim stað þar sem efnið er notað. Þvoið hendur með sápuvatni í lok vinnutarnar.

8. Mengunarmörk - persónuhlífar - forvarnir.

Ráðstafanir: Tryggið næga loftræstingu með loftræstikerfi húss með virku útsogi. Nægi það ekki, af einhverjum ástæðum, til að halda mengun í andrúmslofti innan mengunarmarka verður að nota viðeigandi öndunargrímu/búnað.

Heiti efnis			Mengunarmörk
200-827-9	74-98-6	própan	1000 ml/m ³ 1800 mg/m ³
201-159-0	78-93-3	etýlmetýlketón (bútanón)	200 ml/m ³ 600 mg/m ³
203-448-7	106-97-8	bútan	1000 ml/m ³ 2400 mg/m ³
200-857-2	75-28-5	ísóbútan (2-methýlprópan)	1000 ml/m ³ 2400 mg/m ³
200-659-6	67-56-1	metanhól	200 ml/m ³ 270 mg/m ³

(Mengunarmörk: AGW)

Engri hættu stafar af efnunum fari magn þeirra í andrúmslofti ekki upp fyrir ofangreind mengunarmörk.

Persónuhlífar

Öndunarbúnaður: Tryggja skal sem besta loftræstingu þar sem unnið er með efnið Vinni starfsmenn með efnið þar sem styrkur þess í andrúmslofti er umfram mengunarmörk eiga þeir að nota viðeigandi öndunarbúnað af viðurkenndri gerð. (Mælt með A/P2-síu fyrir styttri en einungis fyrir styttri tarnir).

Húð og líkami:

Hendur: Nota skal hlífðarhanska og fara að ábendingum framleiðanda um val, umhirðu þeirra og endurnýjun. Varnarkrem getur hlíft húð við snertingu en skal þó ekki nota eftir að snerting hefur átt sér stað.

Augu: Nota skal hlífðargleraugu, sem liggja þétt að, sé hætta talin á að efnið geti borist í augu.

Hreinlæti:

Notið handvarnarkrem. Þvoið hendur að lokinni notkun og áður en matar /drykkjar er neytt. Neytið ekki matvæla þar sem unnið er með efnið. Bannið reykingar á notkunarsvæði. Mettaðan hlífðarfatnað skal þvo eftir hverja törn. Notið ekki vinnuföt mettuð efninu nema þegar efnið er notað. Geymið vinnufötin ekki hjá öðrum fatnaði.

Ráðstafanir gagnvart umhverfi:

9. Eðlis- og efnaeiginleikar.

Form/útlit/lykt : Vökvi á úðabrusa, dæmigerð olíulykt

Litur : Svartur

Suðumörk:

Blossamark :

Sjálfkveikimörk: um 365°C

Sýrustig (pH) :

Seigja :

Rúmpyngd : 0,76 g/sm³ við 20°C

Eðlispyngd gufu :

Sprengimörk: Neðri: 1,1 % rúmmáls. Efri; 11,5 % rúmmáls.

Upplýsanleiki í vatni: lítill (við 20°C)

Gufuþrýstingur: 3500 hPa við 20°C

Uppgefnir eðliseiginleikar og norm eru ekki nákvæm gildi varðandi aðstæður, öryggi og/eða efnablöndun.

10. Áhrifavaldar - stöðugleiki.

Ekki er hættá á efnahvörfum sé efnið geymt og meðhöndlað samkv. leiðb. í kafla 7.
Engri hættu stafar af niðurbrotsefnum sé varan geymd samkvæmt fyrirmælum í kafla 7.
Forðist hitun efnisins. Þrýstihylki geta sprungið við hitnun.

11. Eiturfræðileg atriði.

Efnið hefur verið metið í samræmi við hefðbundna aðferð í tilskipun 1999/45/EC um hættuleg efni og flokkast eftir henni sem skaðlegt heilsu (frekari upplýsingar er að finna í kafla 3 og 15). Efnið getur ert húð og slímhúð.
Innöndun mikils magns gufu af efninu orsakar svima og er hættuleg heilsu.

12. Umhverfismál.

Varnið því að efnið komist í frárennslis-eða vatnskerfi.

Efnið er hættulegur mengunarvaldur í drykkjarvatni - jafnvel í mjög litlu magni.

Efnið er eitrað fiski, vatnagróðri/svifi og öðrum örverum í vatni.

13. Förgun.

Förgun efnisins, í hvaða formi sem er skal framklvæma í samræmi við lög og reglugerðir viðkomandi lands/sveitarfélags.

- Farga skal afgangum efnis sem spilliefni í samráði við starfsfólk spilliefnamóttöku. Evrópski spilliefnalistinn: 08 01 11.
- Farga skal tæmdum úðabrúsum sem spilliefni hjá viðkomandi spilliefnamóttöku. Evrópski spilliefnalistinn: 015 01 04.


14. Flutningur.

UN Nr.	1950
Í lofti (IATA):	Úðabrúsi, eldfimt, Fl. 2,1 eldfimt gas.
Á sjó (IMO 9):	Úðabrúsi, Fl. 2, EmS F-D S-U
Landfl. (ADR/RD)	Úðabrúsi, eldfimur vökvi, Fl. 2, Fl.kóði: 5F

15. Lög og reglugerðir sem varða viðkomandi efni.

Reglugerðir: Varnaðarmerkingar skv. Reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og skv. tilskipunum ES.

Varnaðarmerki: Afar eldfimt (Fx), Ertandi (Xi), Hættulegt umhverfinu (N), blindramerki.

**Innihaldsefni:**

Hættusetningar:

H12 Afar eldfimt

H18 Getur myndað eldfimar/sprengifimar blöndur af efnagufu og lofti við notkun.

H38 Ertir húð

H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

H51/53 Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

Varðnaðarsetningar:

V2 Geymist þar sem börn/óvitar ná ekki til.

V23 Varist innöndun gufu og úða.

V51 Má einungis nota á vel loftræstum stað.

V38 Notið öndunargrímu ef góð loftræsting er ekki fyrir hendi.

V24/25 Varist snertingu við húð og augu.

V26 Berist efnið í augu skal skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.

V46 Leitið umsvifalaust læknis eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.

V29/56 Má ekki losa í niðurfall. Skilið efni og umbúðum á móttökustöð fyrir spilliefni.

Úðabrúsi: Þrýstihylki: Hlífið gegn sólarljósi og hita umfram 50 °C.

Hvorki má gata né brenna úðabrúsa - jafnvel þótt teljist tæmdur.

- Geymið þar sem börn ná ekki til.

- Úðið ekki á eld eða glóandi hluti

- Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar

Íslenskar reglugerðir:

Reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, ásamt síðari breytingum.

ESB reglugerðir:

ESB-leiðsögn 2004/42/EC 2004/42/IIB (b) (250) < 250

Vísað er til tækniupplýsinga (Data sheet) á vef framleiðanda. www.vosschemie.de

Atriði varðandi Rokefna-tilskipun 2004/42/ECVOC

Undirflokkur skilgreindur í fylgiskjali IIB (e) : D

Hámarksinnihald lífrænna rokefna tilgr. í IIB : 550,9 g/l

RLE-innihald viðk. vöru fyrir notkun samk. ISO 11890

(Ath. VOC = Volatile Organic Compound = Rokgjarnt lífrænt efni = RLE)

Varðandi þetta efni gilda tilmæli ESB um að það sé ekki meðhöndlað í unglíngavinnu né af vanfærum konum.

Hættuflokkun gagnvart loftmengun:

Hættuflokkun gagnvart neysluvatni: 2 (WGK)

16. Aðrar upplýsingar

Tæmandi listun á hættusetningum í kafla 3.

H10 Eldfimt

H11 Mjög eldfimt.

H12 Afar eldfimt

H18 Getur myndað eldfimar/sprengifimar blöndur af efnagufu og lofti við notkun.

H23/24/25 Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku.

H36 Ertir augu.

Framhald á bls. 6

H37 Ertir öndunarfæri

H38 Ertir húð

H39/23/24/25: Eitrað: Hætta á alvarlegu varanlegu heilsutjóni við innöndun, í snertingu

H51/53 Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

H65 Hættulegt: Getur valdið lungnaskaða við inntöku.

H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Séu upplýsingareitir í þessum öryggisleiðbeiningum óútfylltir er ástæðan sú að ekki liggja fyrir niðurstöður mælinga eða upplýsingar byggðar á reynslu. Það er þó ekki til marks um að ekki stafi hættu af efninu, notkun þess eða meðhöndlun og því skal ítrekað að fyllstu varkárni sé gætt jafnframt því að fylgt sé öryggisreglum vinnustaðar.

Upplýsingar í þessum öryggisleiðbeiningum byggjast á vitneskju okkar, reynslu og þekkingu á þeim degi sem þær eru gefnar út. Leiðbeiningarnar eiga að tryggja öryggi þess sem hefur kynnt sér þær og fer eftir þeim við notkun og meðhöndlun. Ekki ber að líta á upplýsingar í þessu riti sem yfirlýsingu eða staðfestingu á tæknilegum eiginleikum viðkomandi efnis.

Útgáfudagur: 20. mars 2008. Endurskoðuð útgáfa nr. 1.01.00

Íslensk þýðing úr þýsku fyrir Málningarvörur ehf. í nóvember 2008.

Leó M. Jónsson iðnaðar- og vélátæknifræðingur, Reykjanesbæ.